

## Ágætu nemendur, foreldrar og kennarar,

Ég fékk þann heiður að vera fulltrúi heilbrigðiskólans við Ármúla í dag, og tala fyrir hönd allra þessara frábæru nemenda. Þegar mér var boðið að tala fyrir framan alla hikaði ég svolítið því síðast þegar ég reyndi að halda góða ræðu kveikti ég næstum í stofu :)

En í dag erum við hér til að fagna. Fagna lífi okkar nemenda, kennara og allra sem við vorum með í þessari fallegu ferð.

Eitt af mikilvægustu lífsgildum mínum er einlægni svo í dag fæ ég tækifæri til að vera einlæg og segja frá öllu því sem lá mér á hjarta á þessum tveimur árum í skólanum. Árið 2015 tók ég ákvörðun um að hætta við nám í mannfræði og fara frekar á sjúkraliðabraut við Fjölbautaskólann við Ármúla. Það kom svo í ljós að það var besta ákvörðun sem ég hef tekið. Ég var mjög órugg í byrjun: ég er útlendingur með íslensku sem annað mál, hef aldrei verið í menntaskóla hér á landi og allt hitt sem maður þælir í þegar tekið er það stóra skref að byrja eitthvað nýtt og stíga út fyrir þægindarammann. En ég var ekki sú eina sem þurfti að berjast fyrir betri stöðu í lífinu. Hér kynntist ég fólki með mismunandi bakgrunn. Ég kynntist mæðrum, janfvel ömmum, unglíngum, fólki sem hætti í skóla og ákvað að koma aftur og mörgum öðrum sem voru með það sameiginlega markmið að stunda nám við heilbrigðiskólann við Ármúla. Og hér er allt það fólk í fínu fötunum sínum með bros á vör og hvíslandi innri röddu: *Guð minn góður, loksins er þetta búið* :) En hér stoppum við ekki, *the end is new beginning* eins og margir segja.

Við erum öll eins, hvert okkar með sína kosti og galla, með drauma og væntingar... Mannkynið er stórkostlegt og allt sem við gerum er kraftaverk. Við þurfum að vera þakklát fyrir tilveruna og öll þau tækifæri sem okkur eru gefin. Mikilvægasti áfangi okkar er lífið sjálft þar sem við fáum ekki einkunnir heldur verðlaun í formi gleði, ástar, hamingju og frelsis.

En það sem mig langar sérstaklega til að leggja áherslu á er þakklæti. Og ég vil nýta tækifærið og þakka fyrsta kennaranum mínum sem er elsku mamma mín. Hún var mér mikill stuðningur allan þann tíma sem ég hef barist við erfiðleika. Mamma, takk fyrir að vaska upp og skúra fyrir mig þú ert engill :)

Við viljum sérstaklega þakka kennslustjóra sjúkraliðabrautar, Guðrúnu Hildi Ragnarsdóttur fyrir tækifæri til að fara í skiptináám. Núna í vor fengum við skólafélagi minn einmitt slíkt tækifæri til að fara til Danmerkur og sjá hvernig sjúkraliðastarfið fer fram þar.

Einnig viljum við þakka:

**Ingu Lúthersdóttur** fyrir umburðarlyndi og gæsku,

**Hildi Sólveigu Sigurðardóttur** fyrir góðan húmor á kennslutímum,

**Boga Ingimarsýni** fyrir upplýsingaskrá frá 1930,

og öllum öðrum sem kenndu okkur að reikna kaloríur eða greina mun á *ibufen* og *parkodin*.

Þið hjálpuðu til við að byggja grunn að framtíð okkar og styrkja persónuleika okkar. Kennararnir okkar eru sérfræðingar í því sem þeir gera, þeir eru eins og læknar sem bjarga lífi manns. **Gefið þeim gott klapp!**

Bestu tímarnir okkar eru þegar við erum með öðru fólki að fagna því að hafa náð sameiginlegu markmiði, að breyta lífi okkar til batnaðar og verða betri manneskjur. Það er ekki sjálfgefið, þetta fólk fyrir framan mig eru hetjur sem ákváðu að gefast ekki upp. Þetta fólk kenndi mér að vinátta, samvinna og stuðningur er lykilatriði í okkar samfélagi. Það er ekki flóknara en það.

Að lokum vil ég segja aðeins eitt: verum þakklát fyrir allt sem við höfum; fjölskylduna, tækifæri til náms, kennara sem fórna tíma sínum til að svara tölvupósti með kvörtunum nemenda svo eitthvað sé nefnt. Við höfum miklu meira en við þurfum á að halda, lærum að gera okkur grein fyrir því og þakka fyrir það. Ég er þakklát Fjölbrautaskólanum við Ármúla fyrir að veita mér tækifæri til að endurmeta mín mikilvægustu lífsgildi. Allt tekur sinn tíma. Við þurfum einungis að vera þolinmóð og njóta lífsins á meðan við erum hér öll, saman, að sjá drauma okkar rætast.

Okkar bestu þakkir FÁ,

Takk fyrir